| **Meðgöngusykursýki** | **Skjaldkirtilssjúkdómar** | **Hjartamagnýl á meðgöngu** | |
|---|---|---|---|
| **Einn eða fleiri áhættuþættir** | **Einn eða fleiri áhættuþættir** | **Einn alvarlegur áhættuþáttur** | **Einn eða fleiri miðlungs áhættuþættir** |
| • Aldur ≥ 35 ára: Skimun 24-28 vikur ef þetta er eini áhættuþátturinn<br>• Aldur ≥ 40 ára<br>• BMI ≥ 30<br>• Áður fætt þungbura: sama hver meðgöngulengdin var<br>• Áður GDM<br>• Saga um axlarklemmu í fyrri fæðingu<br>• Skert sykurþol fyrir þungun: HbA1c 41-47mmól/mól<br>• Uppruni frá Asíu, Afríku, Mið-og Suður Ameríku, Mið -Austurlöndum<br>• Ættarsaga um sykursýki í fyrsta ættlið | • BMI ≥ 40<br>• Grunur um joðskort t.d. vegna mataræðis<br>• Notkun ákveðinna lyfja t.d. Lithium og Amiodaron<br>• Saga um brottnám hluta skjaldkirtils eða geislun á háls<br>• Saga um fyrirburafæðingu<br>• Saga um ófrjósemi<br>• Saga um ≥ 3 sjálfkrafa fósturlát í röð<br>• Skjaldkirtilssjúkdómur, saga um skjaldkirtilstruflun, saga um TPO mótefni eða stækkaður skjaldkirtill<br>• Sykursýki týpa 1 eða aðrir sjálfsofnæmissjúkdómar<br>• Ættarsaga um skjaldkirtils-sjúkdóm í fyrsta ættlið | • Langvinnur háþrýstingur<br>• Nýrnasjúkdómur<br>• Saga um meðgöngu-háþrýsting eða meðgöngueitrun<br>• Sjálfsofnæmissjúkdómar s.s.rauðir úlfar (SLE) og antifosfólípíð heilkenni<br>• Sykursýki | • Aldur ≥ 40 ár<br>• BMI ≥ 35<br>• Fjölburameðganga<br>• Frjósemismeðferð (vegna ófrjósemi*)<br>• Fyrsta þungun<br>• ≥ 10 ár frá síðustu meðgöngu<br>• Ættarsaga um meðgöngueitrun í fyrsta ættlið<br><br>(*á ekki við um konur án maka sem fara í meðferð án sögu um ófrjósemi) |
| **Skimun fyrir 16 viku: HbA1c mæling. Skimun 24-28 vikur: Sykurþolspróf**<br><br>**Sjá: Meðgöngusykursýki-skimun-greining-meðferð** | **Mæla TSH**<br><br>**Sjá: Skjaldkirtilssjúkdómar á meðgöngu** | **ASA 150 mg x 1 að kvöldi frá 12-36 vikum**<br><br>**Sjá: Hjartamagnyl/ acetylsalicylsýra í fyrirbyggjandi skyni á meðgöngu** | **ASA 150 mg x 1 að kvöldi frá 12-36 vikum** |

<table>
<tr><th colspan="3">Blóðsegameðferð á meðgöngu<br>Metið í fyrstu skoðun og endurtekið við innlögn eða ný vandamál</th></tr>
<tr><th>Ábending fyrir segavörn</th><th>Einn eða fleiri áhættuþættir bjóða segavörn</th><th>≥ 4 áhættuþættir bjóða segavörn alla meðg.<br>3 áhættuþættir bjóða segavörn frá 28 vikum</th></tr>
<tr><td>• Saga um bláæðasega, undantekning er stakt tilvik í tengslum við skurðaðgerð</td><td>• Fengið blóðsega einu sinni í tengslum við skurðaðgerð<br>• Innlögn á sjúkrahús<br>• Segamyndunarhneigð en ekki fengið bláæðasega<br>• Sjúkdómar s.s.<br>hjartabilun<br>rauðir úlfar eða aðrir bólgusjúkdómar<br>krabbamein<br>nýrnasjúkdómar<br>sigðkornablóðleysi<br>sprautufíkn<br>• Skurðaðgerðir s.s. botnlanganám</td><td>• Aldur ≥ 35 ár<br>• BMI ≥ 30<br>• BMI ≥ 40 ATH! Jafngildir tveimur áhættuþáttum<br>• Fjölburaþungun<br>• Fjöldi fæðinga ≥ 3<br>• Frjósemismeðferð<br>• Langt flugferðalag > 4 klukkustundir<br>• Langvinnt hreyfingarleysi t.d. tengt lömun eða slæmri grindargliðnun<br>• Meðgöngueitrun<br>• Miklir æðahnútar (með einkennum /áberandi /upp fyrir hné)<br>• Ofþornun / mikil uppköst<br>• Reykingar<br>• Ættaraga um tilefnislausan/estrogen tengdan blóðsega í fyrsta ættlið</td></tr>
<tr><td>Mikil áhætta<br><br>Þörf á fyrirbyggjandi meðferð með LMWH heparíni (Fragmin/Klexane).<br>Tilvísun til sérfræðings<br><br>Sjá: <u>Segavarnir á meðgöngu og eftir fæðingu</u></td><td>Miðlungs áhætta<br><br>Hugið að fyrirbyggjandi meðferð með LMWH heparíni (Fragmin/Klexane). Leitið ráða hjá sérfræðingi (blóðmeinafræðingi með sérþekkingu á segahneigð)</td><td>Miðlungs áhætta<br><br>Hugið að fyrirbyggjandi meðferð með LMWH heparíni (Fragmin/Klexane).<br>Leitið ráða hjá sérfræðingi (blóðmeinafræðingi með sérþekkingu á segahneigð)</td></tr>
<tr><td></td><td></td><td>Ef áhættuþættir eru færri en 3 er lítil áhætta. Hvetja skal til hreyfingar og að forðast ofþornun</td></tr>
</table>

MARS 2016. NANNA SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR HEIMILISLÆKNIR. BYGGT Á FRÓÐLEIKSMOLUM OG LEIÐBEININGUM ÞÍH. ENDURSKOÐAÐ MÆÐRAVERND ÞÍH APRÍL 2024.